

**M-74/2017. Álit 11. apríl 2018.**

## **Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa**

Hinn 11. apríl 2018 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-74/2017.

### **I**

#### **Álitaefni og kröfugerð**

Þann 17. október 2017 bað X, hér eftir álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna ágreinings um farsíma, sem keyptur var af Y, hér eftir seljandi. Álitsbeiðandi telur að farsíminn sé haldinn galla og krefst aðallega nýrrar afhendingar en til vara að gert verði við farsímamann sér að kostnaðarlausu.

### **II**

#### **Málsmeðferð kæruneftndarinnar**

Með bréfi, dags. 18. október 2017, var seljanda gefinn kostur á andsvörum við álitsbeiðninni og honum veittur tveggja vikna frestur til að skila þeim. Seljandi nýtti sér ekki þá heimild og frekari athugasemdir bárust ekki til kæruneftndarinnar. Með bréfi, dags. 6. apríl 2018, var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

### **III**

#### **Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda**

Álitsbeiðandi fór með farsíma sinn af gerðinni iPhone 6 plus til seljanda þann 24. mars 2017 vegna galla, en farsíminn var orðinn yfir tveggja ára gamall. Umræddur galli lýsir sér þannig að svokallaður „touch“ skjár hætti að virka, en að sögn álitsbeiðanda er um þekktan galla að ræða í iPhone farsíma. Seljandi bauð álitsbeiðanda að festa kaup á nýjum farsíma gegn greiðslu að fjárhæð 22.690 krónur, ásamt því að afhenda seljanda gamla símann. Álitsbeiðandi tók því boði og segist hafa talið sig betur tryggðan með nýjan farsíma í höndunum í stað hins gamla, enda kveðst álitsbeiðandi hafa talið að tveggja ára ábyrgð væri á nýjum farsímum. Farsíminn var afhentur án umbúða en með plasti á skjánum líkt og þegar um nýja farsíma er að ræða. Í byrjun október 2017 segir álitsbeiðandi að sami galli hafi komið upp í hinum nýja síma og var í gamla farsíma hans og fór hann því aftur með farsímamann til seljanda til að athuga hvað væri hægt að gera. Að sögn álitsbeiðanda sagðist seljandi aðeins bera ábyrgð á viðgerðum sínum í 90 daga og að ábyrgðin af eldri símanum hefði farið „af þeim gamla yfir í þann nýja“. Þá hafi seljandi sagt að hann geri ekki við Apple farsíma heldur sé aðeins þjónustuaðili fyrir Apple. Álitsbeiðandi telur að ekki sé heimild að færa ábyrgð á eldri vöru yfir á nýja vöru en seljandi hefur ekki viljað koma til móts við kröfur álitsbeiðanda.

Álitsbeiðandi krefst þess fyrir kæruneftndinni að seljanda verði gert að afhenda honum nýjan sambærilegan farsíma, helst af annarri tegund, en til vara að seljanda verði gert að gera við farsímamann.

### **IV**

#### **Niðurstaða kæruneftndarinnar**

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Viðskipti þau sem deilt er um í málinu falla undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup.

Líkt og að framan greinir keypti álitseiddandi farsíma af seljanda þann 24. mars 2017 fyrir 22.690 krónur. Álitseiddandi telur að farsíminn sé haldinn galla, en svokallaður „touch“ skjár er hættur að virka í farsímanum.

Samkvæmt 2. mgr. 27. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup (nkpl.) getur neytandi ekki borið galla á söluhlut fyrir sig ef hann leggur ekki fram kvörtun innan tveggja ára frá þeim degi er hann veitti söluhlut viðtöku. Álitseiddandi hafði samband við seljanda vegna bilunar í farsímanum um það bil sjö mánuðum eftir kaupin og tilkynnti því um galla innan frestsins samkvæmt lögnum. Kæruneindin álitur að fyrirtækjum sé óheimilt að takmarka þennan lögbundna tilkynningarfreft og þrátt fyrir að söluhlutur sé seldur notaður breytir það ekki framangreindum tímastrefti. Það að söluhlutur sé notaður getur hins vegar haft áhrif á það hvort hlutur teljist gallaður í skilningi laganna.

Um galla er fjallað í 15. og 16. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup (nkpl.). Í a-lið 1. mgr. 16. gr. segir að söluhlutur teljist gallaður ef hann er ekki í samræmi við þær kröfur sem fram komi í 15. gr. Í 15. gr. segir m.a. að söluhlutur skuli hafa þá eiginleika til að bera sem neytandinn mátti vænta við kaup á slíkum söluhlut að því er varðar endingu og annað, sbr. b-liður 2. mgr. ákvæðisins. Þá mælir 18. gr. nkpl. fyrir um sönnun á galla og tímamark hans, en þar segir í 2. mgr. að galli, sem upp komi innan sex mánaða frá því að áhætta söluhlutar fluttist til neytanda, teljist hafa við til staðar á því tímamarki, þ.e. við afhendingu.

Samkvæmt síðastgreindu lagaákvæði hvílir sönnunarbyrðin fyrir því að farsíminn hafi ekki verið haldin galla á seljanda fyrstu 6 mánuði eftir kaupin en að þeim tíma liðnum færast sönnunarbyrðin yfir til neytanda. Söluhlutur telst þó ekki gallaður nema gallinn sé „hvorki sök neytanda né stafar af aðstæðum sem hann varða“ líkt og fram kemur í 1. mgr. 26. gr. nkpl.

Sú bilun sem upp kom í farsíma álitseiddanda kom einnig fram í eldri farsíma sem var í hans eigu og ákvað seljandi að afhenda álitseiddanda nýjan farsíma sökum bilunarinnar fyrir greiðslu að fjárhæð 22.690 krónur. Seljandi bauð álitseiddanda slík kaup þrátt fyrir að farsíminn væri eldri en tveggja ára gamall og þrátt fyrir að seljandi hafi ekki selt álitseiddanda hinn eldri farsíma.

Ekki liggur fyrir hvort umþrættur farsími hafi verið notaður áður en álitseiddandi festi kaup á honum og ekki liggur fyrir hvort viðgerð hafi verið framkvæmd á farsímanum fyrir sölu, þó hvoru tveggja sé líklegt. Þrátt fyrir það verður að telja harla ólíklegt að sama bilun komi upp í tveimur farsímum af sömu tegund og undirtegund nema að um undirliggjandi galla sé að ræða. Með hliðsjón af framangreindu getur kæruneindin ekki annað en fallist á það með álitseiddanda að farsíminn hafi verið haldinn galla við kaupin, sbr. b-liður 2. mgr. 15. gr. nkpl., sbr. a-liður 1. mgr. 16. gr. laganna. Álitseiddandi hefur krafist nýrrar afhendingar en til vara að gert verði við farsímamann. Í gögnum málsins kemur fram að seljandi framkvæmi ekki viðgerðir á Apple farsímum. Er því fallist á það með álitseiddanda að seljanda beri að afhenda honum nýjan sambærilegan farsíma í stað þess sem gallaður er og álitseiddandi keypti fyrir 22.690 krónur, eða greiði fyrir viðgerð á farsímanum, sem framkvæmd verður af aðila sem tekur slíkar viðgerðir að sér, sbr. 1. mgr. 29. gr. nkpl.

## V

### Álitseiddandi

Seljanda, Y, ber að afhenda álitseiddanda, X, nýjan farsíma sambærilegan þeim sem álitseiddandi keypti fyrir 22.690 krónur, eða greiða fyrir viðgerð á farsíma álitseiddanda, sem framkvæmd verður af öðrum aðila sem sér um viðgerðir á Apple farsímum.

---

Áslaug Árnadóttir  
formaður

---

Jón Rúnar Pálsson

---

Hrannar Már Gunnarsson